

16. gr.

Ákvæði I. kafla reglugerðar þessarar gilda að öðru leyti um framkvæmd könnunar á skilyrðum fyrir staðfestri samvist, að frátöldum þó 2. másl. 2. mgr. 1. gr.

17. gr.

Ákvæði II. og III. kafla reglugerðar þessarar gilda ekki um staðfesta samvist, að frátalinni 3. mgr. 11. gr.

### V. KAFLI Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993, og 3. mgr. 3. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996, öðlast gildi 27. júní 1996. Frá sama tíma fellur út gildi reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 155 8. júní 1973.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*

Nr. 327

21. júní 1996

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i> kg	<i>Verðtollur</i> %	<i>Magntollur</i> kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta áv.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	<i>Annad:</i>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	<i>Annad: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041	Skógartré	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	<i>Annad:</i>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

**Endurprentað blað.**

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
<b>Tollnúmer:</b>				
<i>Annað:</i>				
0602.9091 Kaktusar og þykkblöðungar	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9092 Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9093 Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.-30.09.	2.200	30	0
0602.9099 Annars (Pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
<i>Úr</i>				
<b>tollnúmeri:</b>				
0602.9093 Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
<b>Tollnúmer:</b>				
0603.1002 Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm o.fl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	48
0603.1003 Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0603.1004 Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0603.1009 Annars (Afskorin blóm)	01.07.-30.09.	1.300	30	0
0603.9000 Annað (Þurrkuð blóm)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0604.9109 Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0604.9900 Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heilðsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta, í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint, meiri en það magn sem auglýst er, skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflytning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júní 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*